

Fornfræði í 5. bekk (FORF1KB05) **skólaárið 2020 – 21**

Kenndar eru þrjár stundir á viku, þar sem fjallað verður í byrjun um mál og málsögu, varðveislu fornbókmennta, handritageymd og textaútgáfur. Megináhersla námskeiðsins liggur hins vegar á bókmenntasögu fornaldar. Lesin verða sýnishorn úr klassískum bókmenntum fornaldar í íslenskum þýðingum með áherslu á **epos** og **harmleiki**. Lesnir verða þættir úr Ílíonskviðu, Ódysseifskviðu, Aeneasarkviðu og Umbreytingum Ovidiusar og grísku harmleikirnir Medea eftir Eurípides og Agamemnon eftir Aischylos.

Námsefni

Haust:

Inngangur að fornfræði – Bókmenntir fornaldar (fjölrit frá kennara)

Hómer: Ílíonskviða í þýðingu Sveinbjarnar Egilssona. Áherslukaflar: 1, 2, 6, 9, 16, 22 og 24

Hómer: Ódysseifskviða í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar. Áherslukaflar: 1, 6, 9, 13, 19, 21, 22 og 23

Vergilius: Aeneasarkviða í þýðingu Hauks Hannessonar. Áherslukaflar: 2, 4, 6, 10 og 12

Vor:

Ovidius: Ummyndanir í þýðingu Kristjáns Árnasonar (áherslukaflar tilkynntir eftir áramót)

Eurípides: Medea í þýðingu Jóns Gíslasonar (fjölrit frá kennara)

Aischylos: Agamemnon í þýðingu Helga Hálfðanarsonar (fjölrit frá kennara)

Námsmat

Námseinkunn byggir jafnt á a) einu prófi á hvoru misseri, b) kynningu á kafla úr Ódysseifskviðu á haustmisseri en 40 mínútna fyrirlestri um verk og höfund að eigin vali á vormisseri og c) ástundun (virkni í tímum, heimanámi og mætingu skv. einkunnaskala í skólareglum).

Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Vorpróf: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara og kann að taka breytingum